

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Mosfellsbær kt. 470269-5969, í samningi þessum nefnt verkkaupi og Eir, hjúkrunarheimili kt. 710890-2269, í samningi þessum nefnt verksali gera með sér svohljóðandi þjónustusamning. Markmið samningsins er að bjóða öldruðum í Mosfellsbæ valkost innan sveitarfélagsins þar sem öryggi íbúanna er tryggt af fremsta megni í öryggisíbúðum. Ennfremur að veita þjónustu sem gerir íbúum Mosfellsbæjar kleift að búa sem lengst í eigin húsnæði.

1. gr.

Verksali tekur að sér að reisa í Mosfellsbæ öryggisíbúðir og síðar hjúkrunarheimili, þegar tilskilin leyfi fást. Þjónustumiðstöðin¹ verður fyrst um sinn í íbúða- og þjónustuhúsi aldraðra við Hlaðhamra og nýrri álmu fyrir öryggisíbúðir. Áætlað er að hún flytjist síðar í húsnæði tengdu hjúkrunarheimilinu.

2. gr.

Öryggisíbúðir

Öryggisíbúðir eru íbúðir með fullkomnu öryggiskerfi þar sem öryggi íbúanna verður tryggt sem verða má (fylgiskjal 1). Öryggiskerfi verður sett upp í þeim íbúðum fyrir aldraða við Hlaðhamra sem fyrir eru. Verksali mun veita þjónustuna og gerir í því sambandi samninga við verkkaupa og heilsugæslu. Úthlutun íbúðanna verður samkvæmt sérstökum verklagsreglum (fylgiskjal 2).

3. gr.

Verksali gerir samning við íbúa öryggisíbúða um þátttöku þeirra í kostnaði við sameign samkvæmt nánara samkomulagi. Núverandi íbúar í íbúðum aldraðra við Hlaðhamra skulu njóta sömu kjara og verið hefur meðan þeir dveljast í íbúðunum.

4. gr.

Heimaþjónusta

Verksali annast félagslega heimaþjónustu við íbúa öryggisíbúðanna og aðra íbúa í Mosfellsbæ fyrir hönd Mosfellsbæjar á grundvelli VII. kafla sbr. X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

5. gr.

¹ Sbr. 2. liður 13. gr. lagan nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

SAR

TK

Verkkaupi skal meta þjónustupörf íbúa sem sækja um heimaþjónustu. Meðferð umsókna, mat á þjónustupörf og gerð þjónustusamnings er í samræmi við meðfylgjandi verklagsferli (fylgiskjal 3) og reglur verkkaupa um heimaþjónustu.

6. gr.

Verksali sendir mánaðarlega sundurliðaðan reikning til verkkaupa þar sem fram kemur nafn notenda og sá tímafjöldi sem varið hefur verið í þjónustu við hann ásamt yfirliti yfir vinnustundir.

7. gr.

Notendur heimaþjónustunnar greiða fyrir þjónustuna samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Mosfellsbæ. Verkkaupi innheimtir greiðslu skv. reikningum fyrir heimaþjónustu. Gjaldskrá er endurskoðuð árlega. Verði breytingar á gjaldskrá ber að tilkynna það verksala sérstaklega.

8. gr.

Félagsstarf aldraðra

Verkkaupi skipuleggur og rekur félagsstarf aldraðra. Akstur aldraðra vegna félagsstarfs er í höndum verkkaupa. Aðilarnir skulu hafa með sér samráð um félagsstarfið.

9. gr.

Önnur þjónusta

Greiðsla fyrir aðra þjónustu í þjónustumiðstöðinni eða innan Mosfellsbæjar verður samkvæmt sérstökum samningi og greiðist mánaðarlega.

10. gr.

Stafsfolk

Þeir aðilar sem verksali ræður til starfa til þess að fullnægja þjónustu á grundvelli samnings þessa verða starfsmenn verksala, með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja sbr. lög nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og ákvæði kjarasamninga eftir því sem við á.

11. gr.

Verkkaupi og verksali gera með sér sérstakan samning um fjölda stöðugilda vegna starfa í þjónustumiðstöð og vegna þeirrar þjónustu sem æskilegt kann að vera að verksali annars vegar og verkkaupi hins vegar. Gæta skal þess að samlegðaráhrif verði sem mest til sparnaðar fyrir báða aðila (fylgiskjal 4).

SKG

M

12. gr.

Verksali mun eftir því sem unnt er tryggja að starfsfólk er sinnir þeim verkefnum sem um er samið hafi til þess tilhlýðilega menntun, þjálfun og hæfni í mannlegum samskiptum. Verksala ber að fara að gildandi lögum og reglum um hollustu, vinnuvernd og aðbúnað á vinnustað. Verksali heldur utan um skráningu vegna kvartana og skilgreinir boðleiðir þeirra og meðferð sem lið í gæða- og umbótastarfi þjónustunnar. Verkkaupa skal ætíð gert viðvart ef kvartanir vegna heimþjónustu berast.

13. gr

Greiðsla til verksala verður í þremur eða fleiri flokkum ákveðin upphæð pr. klst. frá og með gildistöku samnings þessa, að meðtöldum launatengdum gjöldum, orlofi, orlofsuppbót og desemberuppbót ásamt greiðslu fyrir umsjón (sjá fylgiskjal 4). Taxtinn breytist í samræmi við breytingar á kjarasamningum og skal endurskoðaður einu sinni á ári.

14. gr.

Almenn atriði


Samningur þessi breytir í engu réttarstöðu þjónustuþega og umsækjanda um þjónustu m.a. hvað varðar málsmeðferð og málskot, sbr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum. Verksali skal gæta XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 um meðferð einstakra mála þjónustuþega, en þjónustuþegi getur skotið ákvörðun um mat á þjónustu til fjölskyldunennfndar.

15. gr.

Gögn sem hafa að geyma persónulegar upplýsingar um væntanlega þjónustuþega eru í vörslu verkkaupa. Verksali skuldbindur sig til þess að láta starfsmenn sína undirrita þagnarskylduheit um hvað eina sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og tengt er einkamálefnum notenda á grundvelli samnings þessa og upplýsa starfsmenn sína um gildi og mikilvægi þess að þagnarskylda sé virt.

16. gr.

Komið verður á fót fjögurra manna samstarfsnefnd verkkaupa og verksala sem hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd samnings þessa. Fulltrúar verkkaupa verði kjörinn fulltrúi og félagsmálastjóri. Nefndin fundi a.m.k. ársfjórðungslega.




17. gr.
Samningur þessi gildir frá 01.01.2007.

18. gr.
Báðir aðilar hafa heimild til þess að óska eftir endurskoðun á samningi þessum einu sinni á ári og skal sá aðili sem endurskoðunar óskar tilkynna það með sannanlegum hætti með mánaðar fyrirvara. Komi ekki fram ósk um endurskoðun framlengist samningurinn sjálfkrafa um eitt ár í senn.

19. gr.
Hætti verksali rekstri fer eftir ákvæðum þar um í rammasamningi Mosfellsbæjar kt. 470269-5969 og Eirar, Hjúkrunarheimilis kt. 710890-2269 dags. 7. júlí 2005.


Mosfellsbæ 23. október 2006

F.h. verkkaupa Mosfellsbæjar




Stjórn. Mikkel S. Sævi



F.h. verksala Eirar


Handwritten signature

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift


Sigrún Ólafsson

Elín María Edwards

21248-4329

100156-5719

Fylgiskjal 1.

Öryggiskerfi á vegum verksala Zettler Medical 800 (eða annað sem síðar kann og koma til) verður sett upp í öryggisíbúðum og verður vaktað 24 tíma á dag, með bakvakt hjá verksala.

Stefli

M

Fylgiskjal 2.

Verklagsreglur fyrir úthlutun öryggisíbúða í Mosfellsbæ.
Íbúar í Mosfellsbæ sem eru metnir í þörf fyrir öryggisíbúðir skulu sitja fyrir um úthlutun. Eftir að öryggisíbúðir eru komnar í notkun verður leitað umsagnar nefndar sem í sitja: Félagsmálastjóri Mosfellsbæjar, fulltrúi heimahjúkrunar, hjúkrunarforstjóri og forstjóri Eirar.

JAA. K

Fylgiskjal 3.

Error!Mosfellsbær verklagsferli í heimþjónustu vegna félagslegrar heimþjónustu sem veitt er af starfsmönnum hjúkrunarheimilisins Eirar

1. Umsókn

Undirritaðar umsóknir berist til fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar. Umsókn skal vera í samræmi við ákvæði reglna Mosfellsbæjar um félagslega heimþjónustu.

2. Mat á þörf fyrir þjónustu

Starfsmaður fjölskyldusviðs metur þjónustuþörf í samráði við umsækjanda og annað heimilisfólk. Greinargerð starfsmanns er lögð til grundvallar ákvörðunar um umfang þjónustu

3. Skriflegt svar

Skriflegt svar er sent til umsækjanda. Ef ákvörðun samræmist ekki beiðni um þjónustu skulu færð rök fyrir ákvörðun.

4. Þjónustubeiðni

Starfsmaður fjölskyldusviðs sendir Eir beiðni um þjónustu samkvæmt ákvörðun.

5. Þjónustusamningur

Hjúkrunarforstj. / deildarstjóri á Eir gerir þjónustusamning og kynnir hann fyrir starfsmanni.

6. Þjónusta veitt

Eir veitir þjónustu á grundvelli þjónustusamnings. Upplýsingar um breytingnar á þjónustusamningi skulu berast til þjónustuþega.

7. Endurmat

Starfsmaður fjölskyldusviðs endurmetur þörf einstaklings eða fjölskyldu fyrir þjónustu og ferlið hefst aftur frá lið 2,

ATH

Farið skal með umsókn í samræmi við reglur Mosfellsbæjar um félagslega heimþjónustu

Synjun eða synjun að hluta

Ávallt skal fylgja skriflegur rökstuðningur fyrir því ef ekki er veitt nákvæmlega hin umbeðna þjónusta.

Upplýsingar

Upplýsingar um möguleika á áfrýjun til Fjölskyldunefndar eru gefnar skriflega.

Áfrýjun.

Ef Mosfellsbær samþykkir er gert endurmat eða gerður þjónustusamningur út frá ákvörðun ráðsins.

376 气

Fylgiskjal 4
Mosfellsbær

Hjúkrunarheimilið Eir

Tímakaup vegna heimaþjónustu:

A

Mánaðarlaun

Orlofs- og des. Uppbót 000.000

21.800 + 39.700 = 69.500 deilt með 12

Margfaldað með stöðufjölda 5.125

Samtals 000.000

* Launatengd gjöld 27,3%

** Veikindi 4,6%

= 36,9%

Umsjónarkostnaður 5% 00.000

Samtals 000.000

B

Útfært á sama hátt

C

Útfært á sama hátt

Pr. vinnustund

000.000 / 173,33 000

* Lífeyrissjóður, tryggingagjald, orlof- og sjúkrasjóður, orlof, tryggingar, fræðsla.

** Veikindi, 1 dagur í mánuði eða 8 tímar, samsvara 4,6%

SHG 